

# Fundargerð – Stjórn Eyglóar ehf.

Fimmtudaginn 13. mars 2025 kl. 16:00

Fundinn sátu: Hildur Sólveig Sigurðardóttir varaformaður, Páll Magnússon og Njáll Ragnarsson stjórnarformaður sem jafnframt ritar fundargerð.

## Dagskrá:

### 1. Framtíð ljósleiðarakerfis Eyglóar

Á síðasta fundi stjórnar, þann 13. febrúar sl., var ákveðið að leggja til við Bæjarráð að falla frá sölu félagsins til Mílu hf. og tilkynna það Samkeppniseftirlitinu (SKE). Var það og gert. Í kjölfarið hefur Míla sótt um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara til þeirra heimila sem ekki hafa þegar tengst kerfi Eyglóar, í þriðja áfanga.

Uppbygging og rekstur á kerfi sem Eygló hefur sett upp er ekki hluti af lögbundnum hlutverkum sveitarfélaga en var gert af illri nauðsyn því markaðsaðilar voru þá ekki reiðubúnir í slíka fjárfestingu. Ljóst er að breytt staða blasir við þar sem áhugi er sannarlega til staðar á því kerfi sem Eygló hefur komið sér upp á undanförunum árum, bæði frá Mílu sem og öðrum fjarskiptafélögum.

## Niðurstaða:

Stjórn Eyglóar samþykkir samhljóða að leggja til við Bæjarstjórn að eignir Eyglóar verði auglýstar til sölu og að stjórn félagsins fái umboð til þess að ganga frá fyrirvörum og skilyrðum sem stjórn telur eðlilegt að setja við slíkt útboð.

Stjórn félagsins leggur mat á þau tilboð sem berast í kjölfar útboðs og leggur niðurstöðu sína fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl. 16:30.